


JAPÖNSK

NÚTÍMALIST Á KJARVALSSTÖÐUM

ÓSKILGREIND viðhorf/Breytileg lífssýn nefnist yfirgripsmikil sýning á japanskri nútímalist sem stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Hingað er sýningin komin fyrir tilstuðlan Sezon-nútímalistasafnsins, og hefur hún einnig verið sett upp í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Verkin eru eftir tólf listamenn sem allir eru kunnir í heimalandi sínu og hafa hlotið hrós fyrir afrek sín og frumleika. Einn þeirra, Kazumi Nakamura, færði Listasafni Reykjavíkur eitt verka sinna á sýningunni að gjöf.

Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, segir að það kunni að koma einhverjum á óvart að verkin séu ekki austrænni en raun ber vitni, en vestrænna áhrifa hefur gætt mikið í japanskri list síðustu áratuga. „En þegar maður fer síðan að skoða verkin betur og velta þeim fyrir sér, þá má alltaf sjá skuggann af japanskri hefð í bakgrunninum,“ segir Gunnar. „Japanskir listamenn eiga það kannski sameiginlegt með íslenskum kollegum að þetta eru jaðarsvæði í listheiminum, svæði þar sem listamenn hafa ekki skapað sér myndmál, eins og ákveðnir einstaklingar hafa gert í Evrópu, heldur hafa þeir tileinkað sér myndmál sem þeir umbreyta síðan persónulega, og þá grípur menningin einnig á vissan hátt fram fyrir hendur þeirra. Þetta kemur vel fram í skúlptúrnum eins og hjá Endo, og í „New York altarisstöflunni“ hjá Yamamoto. Efnistöð þeirra og hugmyndir eru öðruvísi en við þekkjum úr vestrænu listasögunni.

Það er líka athyglisvert að þrátt fyrir að verkin séu ólík, þá fjalla þau oft um eigið efni. Endo er þannig með þessa trjáboli, en



Kazumi Nakamura: *And-tvístrun, þrjú tungumál; olía á striga, 1990.*



Shinro Ohtake: *Málverk fyrir naglabox skipasmíðs; blönduð tækni, 1987-88.*

hann umbreytir efninu með því að kveikja í þeim. Inntak verksins er því kannski þessi umbreyting efnisins, frá því að vera náttúrulegur trjábolur, yfir í að vera brenndur trjábolur. Þannig fer verkið gegnum ákveðið tímaferli, og það má sjá hér í fleiri verkum. Verk Ohtakes eru til dæmis samsett úr ólíkum efnisþáttum, en yfirleitt eru það gömul efni, eða efni sem er umbreitt með tjöru, fernis og síku til að fá einhverskonar tíma, aldur eða frásögn inn í sjálf verkin. Ég er enginn kunnáttaður um japanska list í víðu samhengi, en þetta

eru þau áhrif sem ég skynja í þessum listaverkum.“

Þá bendir Gunnar á að einn tólfmenninganna, Hirabayshi, notar hinn hefðbundna grafíska leturstíl í myndir sínar, en á frjálselegan hátt; með einhverskonar samruna leturs og myndlistar.

„Kannski er niðurstaðan af lauslegri skoðun á verkunum sú að þau eru yfirleitt mjög vitsmunaleg. Þetta er engin „konkret póesia“ eða ókeypis uppstilling, þetta er ekki „bara“ mynd af einhverju, heldur er í flestum tilfellum um að ræða myndir sem er búið að hugsa mikið



Toshikatshu Endo: *Gosbrunnur - Verk í níu hlutum; Tré, tjara og el, Mika Yoshitawa.*

um og listamaðurinn er búinn að velta fyrir sér virkni viðkomandi myndmáls. Morimura vinnur til dæmis með sjálfsmýndir, við þekkjum mýmörg dæmi um sjálfsmýndir úr listasögunni allt frá miðöldum, en myndir hans verða fullkomlega nýtt innlegg í sögu sjálfsmýndarinnar þegar hann setur andlit sitt inn í þekktar listsögulegar myndir. Á sama tíma og hann vitnar í listasögunna og umbreytir henni, er hann að gera myndir af sjálfum sér. Flest verkin eiga það þannig sameiginlegt að myndmótunarferli þeirra er flókið og meðvitað.“

Gunnar segir að gaman hafi verið að ræða við listamanninn Nakamura sem gaf Listasafni Reykjavíkur málverkið „And-tvístrun, þrjú tungumál“, því hann skilgreindi sköpun sína ítarlega og var með athyglisverðar kenningar um samband forms og hluta. „Hann var mjög meðvitaður um fagurfræðilegar forsendur litarins og sagði að þessir sterku litir væru mjög evrópskir fyrir sér. Þessvegna hafi hann meðal annars ákveðið að gefa okkur þessa mynd sína með sterku litunum. Hún hlyti að höfða betur til litauplifunar Vesturlandabúa,